


Nokkrar ítalskar kvikmyndir

Kvikmyndahúsin hér í Reykjavík og Hafnarfirði hafa á undanförunum árum sýnt allmargar af þeim myndum, sem ít-

ur verið sýnd hér er **Paisa**. Lýsir hún á raunsæjan hátt lífinu á Ítalíu í lok styrjaldarinnar.



Kennarafjölskyldan og fjölskyldan í myndinni *Góðan daginn, fill*

alir gátu sér mest orð fyrir fyrst eftir lok heimsstyrjaldarinnar. Nægir þar að minna á **Óvarða borg** og **Reiðhjólþjófinn**, einnig **Róm klukkan ellefu**.

Ýmsar af beztu myndum ítala hafa þó aldrei verið sýndar hér á landi og í þeim hópi er fyrst að geta **Umberto D.** Þá mynd gerði Vittorio de Sica árið 1951 og nú er hún talin ein af perlum kvikmyndalistarinnar. Önnur heimsfræg ítölsk

Enn má geta tveggja af þekktustu myndum de Sica sem íslenskir kvikmyndahúsgestir hafa ekki fengið að sjá, þ. e. **Gull frá Napólí** og **Góðan daginn, fill**. Fyrri myndin er byggð á nokkrum sígildum smásögum og lýsir lífi fólks í stórrí borg á Suður-Ítalíu, borg sem bæði er kunn fyrir fegurð og fátækt. Svo raunsannar eru sumar þjóðlífslýsingarnar í þessari mynd, að opinberir aðilar á Ítalíu

hafa hvað eftir annað lýst vanþóknun sinni á henni og reynt að koma í veg fyrir að hún yrði sýnd erlendis. Meðal leikendanna í myndinni er Sophia Loren. Hin mynd de Sica er gamanmynd um kennara og fjölskyldu hans, og eins og nafnið bendir til: fjölskylda. Hafið hann fundið í íbúð kennarans einn daginn þegar fjölskyldan kom heim og auðvitað var ekki hægt að reka þennan óvenjulega gest á dyr.

Það væri óskandi að eitthvert kvikmyndahúsa reynði að afla sér einhverrar þessara mynda áður en langt um liður. Góðar myndir eru



Sophia Loren og einn af meðleikendum hennar í *Gull frá Napólí*

ekki of oft á boðstólum og þær sem hér hafa verið nefndar mega ekki framhjá íslenskum kvikmyndahúsgestum fara.

I framhaldi af þessum skrifum um ítalskar kvikmyndir, sem enn hafa ekki verið sýndar hér á landi, er rétt að geta einnar sem verið er að sýna þessa dagana í Bæjarbíói Hafnarfirði, **Odysseifs**. Ítalíska kvikmyndafélaginu Lux Film hefur þar tekist að gera hina skemmtilegustu mynd eftir kviðu Hómers um heimferð Odysseifs frá Tróju. Litirnir í myndinni eru þægilegir og í sumum atriðum mjög fallegir og það er líf og fjör í atburðarásinni, alltaf eitthvað að gerast. Leikur Kirk Douglas og Silvano Mangano í aðalhlutverkunum er á-

gætur. Mynd sem mæla má með.



Kirk Douglas sem Odysseifur



Fraska leikkonan Sylvie og Silvano Mangano

Sinfóníutónleikar

Sinfóníusveitin okkar er nú orðin merkilegt hljótleikateki, sem varla er hugsanlegt, að bregðist í höndum dugandi stjórnanda, enda má segja, að hljótleikar hennar takist undantekningarlaust vel. Áheyranda getur fundið stigsmunur á hljótleikum, þannig að einir hljótleikar séu í daufara lagi, aðrir hafi tekist venju fremur vel o. s. frv., en í þessum og því líkum orðatiltækjum getur þó aldrei falist nema óverulegur matsmunur, þegar um svona góða hljómsveit er að ræða, jafnvel þó að gert væri ráð fyrir, að áheyrandinn hafi annars rétt fyrir sér í mati sínu. Ef bornir eru saman þeir þrennir tónleikar, sem hljómsveitin hefur efnt til, síðan hún var endurreist núna í vor, hverjir undir handleiðslu síns stjórnanda (Róberts A. Ottóssonar, Páls Ísólfssonar og Wilhelms Schleunings), — þá verður ekki annað með sanni sagt en að þeir hafi allir tekið matavel, og þó að einstakir hlustendur kunni að vilja gefa einum þessara tónleika ofurlítið hærri einkunn en öðrum, þá skiptir það í rauninni litlu máli. Aðalatriðið er, að hljómsveitin er búin að ná þeim þroska, að hún stentz yfirleitt mjög strangar kröfur um vandaðan flutning.

Síðustu tónleikum hljómsveitarinnar, sem haldnir voru í Þjóðleikhúsinu 14. þ. m., stjórnaði þýzki hljómsveitarstjórinn Wilhelm Schleuning, sem hingað er kominn í boði sveitarinnar. Schleuning er margreynður hljómsveitarstjóri og kunnáttaður á sínu sviði,

og hann hafði yfirleitt ágæt tök á sveitinni. Það kom ekki sízt fram í tveim verkum eftir Stravinski á fyrri hluta efnisskrárinnar. Hið fyrra var dansflokkurinn „Pulcinella“, saminn árið 1919, þar sem tónsmíðurinn hefur af einhverri undarlegri sérvizku valið sér stef eftir Pergolesi til meðferðar. Öllu ólíkari tónskáld en þessi tvö munu vandfundin, enda munu vandfundin stef, sem síður hæfa úrvinnsluháttum Stravinski en stef þessa ítalska 18. aldar tónskálds. Sjálfu sér samkvæmara verk er dans-

flokkurinn „Eldfuglinn“, sem Stravinski samdi árið 1910. Eflaust hefur það verið hljómsveitinni góð tækniþjálfun að fara með þessi tvö verk. Haydn-tilbrigðin eftir Jóhannes Brahms tókust mjög vel, en ef til vill má þó segja, að Tannhäuserforleikurinn eftir Wagner hafi tekið best. Þorsteinn Hannesson söng tvær ariur með undirleik hljómsveitarinnar, aðra úr óperunni „Fidelíó“ eftir Beethoven, hina úr óperunni „Der Freischütz“ eftir Weber. Hann fór ágætlega með þessi lög. Söngvara, hljómsveit og hljómsveitarstjóra var klappað óspart lof í löfa.

B. F.

„Íslensk listið“ tekur þátt í sýningu í París næsta ár

Dönsk listiðnaðarsýning væntanleg hingað

Fimmtudaginn 14. þ.m. hélt félagið „Íslensk listið“ aðalfund sinn í Sjálfstæðishúsinu. Formaður félagsins, Lúdvíg Guðmundsson skólastjóri, flutti skýrslu um nokkrar helstu framkvæmdir félagsins á liðnu starfsári. Ritari félagsins, Björn Th. Björnsson listfræðingur, sem var fulltrúi félagsins á sýningu og alþjóðlegu þingi um listiðnaðarmál í Helsingborg í fyrra, skýrði frá störfum þingsins.

Í samvinnu við vörusýningarnefnd ríkisins tók félagið „Íslensk listið“ þátt í alþjóðlegri listiðnaðarsýningu í München vorið 1955. Öðru sinni tók félagið þátt í hinni alþjóðlegu listiðnaðarsýningu, sem

vor. Hlaut íslenska sýningin hina beztu dóma almennings og kunnáttumanna. Einn af íslensku sýningundum, frú Ásgerður Ester Búadóttir hlaut heiðurskjal og gullverðlaun frá ríkisstjórninni í Bayern fyrir myndofið veggklæði. Skömmu eftir að sýningunni í München lauk, barst félaginu boð um að taka þátt í sýningu á nýttísku silfur- og gullsmíði, sem haldin verður í Augsburg í Þýskalandi síðar í sumar. Mjög er vandað til þessarar sýningar í Augsburg, en borgin er frá fornu fari viðfræg fyrir listrænt silfur- og gullsmíði. Aðeins 14 löndum, utan Þýsklands, er boðið að taka þátt í sýningu þessari.

Að undangengnu hefur fé-

lagið „Íslensk listið“ staðið í samningum við danska listiðnaðarfélagið um að haldin verði dönsk listiðnaðarsýning í Rvík næstkomandi haust eða vetur. Eru nú miklar líkur á að úr þessu geti orðið.

Í árslok 1957 verður haldin mikil norræn listiðnaðarsýning í París. Menntamálaráðuneytið franska stendur að sýningunni, hefur boðið menntamálaráðuneyti Íslands að hafa forgöngu um þátttöku af Íslands hálfu.

Á aðalfundinum var stjórn kosin og hlutu þessir kosn-

ingu: formaður Lúdvíg Guðmundsson skólastjóri, varaformaður Sveinn Kjarval húsgagnarkitekt og meðstjórnendur Björn Th. Björnsson listfræðingur, Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, Þorleifur Kristófersson húsgagnateiknari og Gunnar J. Friðriksson forstjóri. Endurskoðendur voru kosnir Sigurður Guðmundsson arkitekt og Ágúst Sigurmundsson myndskeri.

Loks var á fundinum ákveðið að stofna fimm manna sýninga- og gæðamatsnefnd.

Flugfélag Íslands

Landkynningarferðir í Örfæfi og Fljótsdalshérað um helgar

Allur kostnaður frá 440 til 600 kr. á mán.

Flugfélag Íslands ráðgerir þá nýbreytni að efna til landkynningarferða í sumar á nokkra af fegurstu stöðum landsins. Ferðir þessar verða farnar austur á Fljótsdalshérað og í Örfæfi, og dvalið daglangt á báðum stöðunum. Ekið verður frá flugvöllum í bílum og ýmsir fagrir og merkilegir staðir skoðaðir undir leiðsögn manna, sem gagnkunnugir eru á þessum slóðum.

Austur í Örfæfi verður flogið sex sunnudaga í sumar: 1., 8., 15. og 22. júlí, 12. og 19. ágúst. Verður lagt upp frá Reykjavík kl. 8.30 að morgni og flogið til Fagurhólsmýrar. Til Reykjavíkur verður svo komið aftur fyrir miðnætti.

Þá verða farnar fjórar ferðir til Egilsstaða, og eru þær eftirtalda sunnudaga: 22. og 29. júlí, 5. og 19. ágúst. Flogið verður frá Reykjavík kl. 8.30 f.h. og komið til baka um miðnætti.

Ferðakostnaði hefur verið

mjög í hóf stillt. Kostar t. d. kr. 440.00 fyrir manninn í Örfæferðina, og er þar innifalið auk flugferðarinnar, bílferðir, hádegisverður og síðdegiskaffi. Ferðin austur á Fljótsdalshérað kostar hins vegar kr. 600.00 og þar er innifalin hádegisverður á Egilsstöðum og bílferðir í Hallormsstað.

Er þegar fyrirsjáanlegt, að mikil þátttaka verður í ferðum þessum. Mun Ferðaskrifstofa ríkisins og Orlof annast bókanir og farmiðasölu auk afgreiðslna Flugfélags Íslands.